

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík 13. júlí 2017
UST201706-264/B.S.
10.05.04

Efni: Háspennustrengur - Reykholt – Brúarvirkjun. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsfulltrúa uppsveita Árnassýslu dags. 23. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um fyrirhugaða lagningu háspennustrengs frá Brúarvirkjun að Reykholti.


Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaða strengleið eins og henni er lýst í erindi RARIK dags. 23. maí sl.


Umhverfisstofnun vill benda á að kafli leiðarinnar liggur um votlendi í Almenni sem er hluti svæðis nr. 737 á náttúruminjaskrá. En verndargildi svæðisins er talið vera: *óraskað mýrarsvæði, eitt af fáum slíkum á Suðurlandi*. Í fyrnefndu erindi RARIK kemur fram að á þeim kafla sem hér um ræðir verði háspennustrengurinn plægður í jörð samsíða vatnslögn. Þótt hér sé því ekki um óraskað votlendi að ræða eins og fram kemur í Náttúruminjaskrá útg. 1996, þá vill Umhverfisstofnun benda á að hér er enn um stórt votlendissvæði að ræða og telst sem slíkt vistkerfi sem nýtur sérstakrar verndar sbr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun bendir á að víða hafa verið lagðir jarðstrengir um votlendi og yfirleitt hafa ummerki verið lítil ef vel hefur verið að verki staðið. Því telur Umhverfisstofnun að leggja eigi sérstaka áherslu á að vanda plægingu þar sem strengurinn verður lagður um votlendi þannig að plógfarið valdi ekki þurrkun votlendis og tæki til plægingar verði á breiðum beltum til að minnka áhrif á yfirborð lands.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við umrædda umsókn um framkvæmdaleyfi.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur